

Ed.

565. Frumvarp til laga

[280. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. apríl 1967, um bátábyrgðarfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970--71.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn bátábyrgðarfélags skal skipuð þremur mönnum. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna váttryggðu skipa velja tvo stjórnarmenn, en Samábyrgðin hinn þriðja. Á sama hátt skal velja þrjú stjórnarmenn til vara. Val stjórnarmanna skal fara fram á aðalfundi félagsins og gildir til tveggja ára í senn.

4. mgr. sömu greinar laganna orðist þannig:

Stjórnarfundur skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Stjórnin er ályktunarfær, ef tveir stjórnarmenn sækja fund. Í stað „20 000 kr.“ í 7. mgr. sömu greinar laganna komi: kr. 50 000.00.

2. gr.

Í stað orðsins „júnímánaðar“ í 1. mgr. 11. gr. laganna komi: októbermánaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1967 voru sett ný lög um bátábyrgðarfélög, lög nr. 41 1967, sem leystu af hólmi lög frá 1947 um sama efni. Við framkvæmd hinna nýju laga hafa komið fram vankantar varðandi stjórn bátábyrgðarfélaganna, sem ætlunin er að sníða af með þeim breytingum, sem frumvarp þetta felur í sér.

Frumvarpið er flutt að ósk Samábyrgðar Íslands.

Um 1. gr.

Það hefur ekki þótt gefast vel að gera ráð fyrir fimm manna stjórn í bátábyrgðarfélagunum. Vegna fámennis í sumum félaganna hefur reynt erfitt að fá fimm stjórnarmenn, tvo endurskoðendur og tvo varaendurskoðendur úr hópi félagsmanna. Þá þykir rétt, að Samábyrgðin, sem hefur yfir 80% af tryggingaráhættu félaganna í endurtryggingu, tilnefni einn af þremur stjórnarmönnum á sama hátt og var samkvæmt eldri lögum.

Breyting á 4. mgr. 9. gr. er til samræmis við breytingu á 1. mgr. sömu greinar.

Breyting á 7. mgr. 9. gr. er vegna hækkunar verðlags og þar með bótafjárhæða.

Um 2. gr.

Erfitt hefur reynt að framkvæma það ákvæði laganna að halda aðalfundi bátábyrgðarfélaganna fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Stafar það m. a. af því, að skipa-eigendur eiga óhægt með að sækja fundi nema helzt milli vertíða. Er því lagt til, að frestur verði lengdur til loka októbermánaðar.